

# Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands

Desember 2001

# Yfirlit efnahagsmála

## *Verðbólga jókst í desember*

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,5% í desember. Tólf mánaða hækkun vísitölunnar mældist 8,6%, en 9,4% án húsnæðisliðar. Þetta er ½% meiri verðbólga en mældist í nóvember og hækkunin milli mánaða hefði orðið 0,8% ef ekki hefði komið til sérstakrar leiðréttingar á vísitölunni vegna breytinga á skipulagi verslunar og verslunarháttum. Leiðréttingin hafði í för með sér að verð mat- og drykkjarvöru lækkaði um 0,4%. Verð bæði innfluttrar og erlendar vöru hækkaði um 0,9%. Verð þjónustu á markaði hækkaði heldur minna og opinber þjónusta lækkaði örlítið í verði. Af einstökum liðum, sem mest áhrif höfðu á vísitöluna, má nefna að bílar hækkuðu um 1% í verði, aðrar innfluttar vörur um 1,3%, en bensínverð lækkaði um 1,6%. Erlendir gjaldmiðlar hækkuðu um 25% á jafn löngum tíma til loka nóvember. Verð innfluttra matvæla hefur fylgt nokkurn veginn gengisþróun sl. 12 mánuði, verð bíla að 3/5 hlutum og önnur innflutt vara hefur hækkað minna. Frá því gengi krónunnar náði lágmarki í lok nóvember til 20. desember hækkaði það um tæp 8%. Gangi hækkunin ekki til baka ætti hún að draga úr hækkun neysluverðsvísitölunnar á næstu mánuðum. Aldrei áður hefur gengi krónunnar hækkað jafn mikið á svo skömmum tíma.

## *Vísbendingar um minnkandi spennu á vinnu- markaði urðu skýrari í nóvember*

Í síðustu Hagvísunum hefur verið fjallað nokkuð ítarlega um vinnumarkaðinn, enda mun framvinda á þeim markaði hafa mikil áhrif á hversu skjótt verðbólga hjaðnar á ný. Þar kom fram að þótt breytingar hafi greinilega verið í aðsigi bentu samtímavísbendingar til þess að vinnumarkaðurinn væri enn mjög spenntur. Í nóvember sáust þess í fyrsta sinn greinileg merki í samtímavísbendingum að farið væri að draga töluvert úr spennu á vinnumarkaði. Skráðum atvinnulausum fjölgaði mun meira á milli október og nóvember en skýrist af venjubundinni árstíðarsveiflu, eða um 49%. Hlutfall atvinnulausra fór úr 1,2% í 1,5% og var því í nóvember 0,4% meira en fyrir ári. Árstíðarleiddrett atvinnu-

leysi mældist 1,6% og hefur ekki verið hærra síðan í nóvember 1999 þótt enn hafi það verið mjög lítið.

Aðrar samtímavísbendingar af vinnumarkaðnum sýna einnig ótvíræðari umskipti en áður. Laus störf hjá vinnumiðlunum í lok nóvember voru 38% færri en fyrir ári. Atvinnuleyfi til útlendinga utan EES-svæðisins voru 35% færri í nóvember en fyrir ári. Af 294 atvinnuleyfum var í ¾ tilvika um framlengingu að ræða (framlengd tímabundin leyfi, nýr vinnustaður eða óbundin atvinnuleyfi), en aðeins 61 nýtt tímabundið atvinnuleyfi var veitt.

## *Verulega dró úr halla á jöfnuði vöru- og þjónustuviðskipta fyrstu níu mánuði ársins en halli á jöfnuði þáttatekna hefur nær tvöfaldast*

Lækkun á gengi krónunnar, hagstæðara olíuverð og hækkun á útflutningsverði sjávarafurða hefur skilað sér í umtalsverðri hjöðnun hallans á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd, en jafnframt hefur gengislækkunin magnað halla á jöfnuði þáttatekna. Ef tekið er tillit til gengisbreytinga minnkaði vöruskiptahallinn um meira en helming, eða um 16,6 ma.kr. Hlutfallslega voru umskiptin meiri á þjónustujöfnuði sem fór úr 4,9 ma.kr. halla í 1,8 ma.kr. afgang, sem er breyting um 6,7 ma.kr. Á 3. fjórðungi ársins mátti rekja stærstan hluta umskiptanna til minni vöruinnflutnings. Einnig má nefna að töluverður vöxtur var í útfluttri þjónustu, þrátt fyrir samdrátt í samgöngum.

Hallinn á jöfnuði þáttatekna fyrstu 9 mánuði ársins var u.þ.b. 8,2 ma. krónum meiri en á sama tíma í fyrra, á föstu gengi. Auknar vaxtagreiðslur til útlanda eiga þar stærstan hluta að máli.

Fjármögnun viðskiptahallans hefur tekið enn meiri stakkaskiptum. Í fyrra var 48,7 ma.kr. nettóútstreymi vegna fjárfestingar í erlendum verðbréfum fyrstu níu mánuði ársins, en í ár var útstreymið 5,9 ma.kr. og voru þessi viðskipti nánast í jafnvægi á 3. fjórðungi ársins. Þjóðarbúskapurinn er því ekki jafn háður lánsfjárinnstreymi og áður, þótt enn þurfi umtalsvert lánsfé til þess að fjármagna viðskiptahallann.

Upplýsingar liggja einnig fyrir um vöruvið-

skipti í október. Þá var 2,5 ma.kr. afgangur á vöruviðskiptajöfnuði, en í október í fyrra var 3,1 ma.kr. halli. Umskiptin má að miklu leyti rekja til óvenjumikils útflutnings sjávarafurða í mánuðinum, sem var 6½ ma.kr. meiri en í fyrra. Einnig hélt innflutningur áfram að dragast saman. Almennur innflutningur án stóriðju dróst saman um tæp 10% að magni fyrstu 10 mánuði ársins.

Hagstæð veðurskilyrði skýra að hluta mikinn útflutning í október. Meiri verðmætasköpun fiskvinnslunnar, t.d. aukin frysting síldar, á þó einnig hluta að máli. Fyrstu 10 mánuði ársins var útflutningur sjávarafurða því sem næst óbreyttur að magni, en verðlag hækkaði um u.þ.b. 3-4% í erlendri mynt og 23% í krónum. Allan vöxt heildarútflutningsmagns má rekja til meiri ál-útflutnings. Álframleiðsla stefnir í að verða rúmlega 240 þús. tonn á árinu og verðmæti útflutnings u.þ.b. 40 ma.kr. sem er um 40% vöxtur í krónum og 15% að magni.

#### *Dregið hefur úr vexti útlána lánakerfisins*

Í lok september var greinilega farið að draga úr vexti útlána lánakerfisins. Vöxtur útlána og verðbréfaeignar lánakerfisins yfir 12 mánuði nam þá 18%, samanborið við 25½% vöxt í júnílok. Á 3. fjórðungi ársins dró úr útlánavexti til bæði fyrirtækja og heimila, en þó sýnu meir til fyrirtækja. Vöxtur útlána til fyrirtækja varð mestur fyrir ári, þegar hann fór yfir 30%, en var í septemberlok kominn niður í 18%. Vöxtur útlána til heimila var hins vegar svipaður og í lok sl. árs eða 14%.

Þegar dregin hafa verið frá áhrif gengisbreytinga á stofn lána í erlendum gjaldeyri og áhrif vísitölubreytinga á stofn verðtryggðra lána eru umskiptin töluvert meiri. Útlán lánakerfisins án gengis og vísitöluáhrifa höfðu aukist um 13,5% á 12 mánuðum til septemberloka. Síðastliðið hálf ár nam útlánavöxturinn, þannig reiknaður, 6,7% á ársvarða.

#### *Upplýsingar um veltu og kreditkortanotkun benda enn til töluverðra en minnkandi umsvifa*

Upplýsingar um veltu sem fyrir liggja benda enn til töluverðra umsvifa til haustsins. Heildarvelta janúar-ágúst var 7,2% meiri að raungildi en fyrir ári. Er það meiri vöxtur en milli sömu tímabila

árin 1999 og 2000. Þessi tiltölulega mikli vöxtur skýrist að verulegu leyti af aukinni veltu í útflutningsgreinum, sem skila fleiri krónum vegna gengislækkunar krónunnar. Einnig voru mikil umsvif í byggingariðnaði og jókst veltan um 13,4% að raungildi. Verslunargreinar einkenndust hins vegar af stöðnun eða samdrætti. Í smásölu var veltan óbreytt að raungildi, en 2,4% samdráttur í heildsölu. Greiðslukortanotkun fyrstu 10 mánuði ársins segir svipaða sögu. Greiðslukortanotkun var 5,8% meiri að raunvirði en á sama tíma fyrra, notkun debetkorta 4,1% meiri og kreditkorta 8,5% meiri.

#### *Fjárlög stefna að 2 ma.kr. afgangi að eignasölu og óreglulegum útgjöldum frátöldum*

Fjárlög 2002 og fjárukalög 2001 voru samþykkt nú í desember. Heildartekjur ríkissjóðs 2002 eru áætlaðar 258 ma.kr. og útgjöld 239 ma.kr. Stefnt er að 18,5 ma.kr. afgangi á ríkissjóði, eða u.þ.b. 2 ma.kr. að eignasölu og óreglulegum útgjöldum undanskildum. Áætlað er að tekjur án eignasölu hækki um 4,2% milli ára og regluleg gjöld um 4,7%. Til samanburðar reiknar Þjóðhagsstofnun með að nafnvirði landsframleiðslu hækki um 5½% og nafnvirði þjóðarútgjalda um 3½%.

Samkvæmt fjárukalögum verður afgangur ríkissjóðs á árinu 2001 um 20 ma.kr., en um 3 ma.kr. að frátalinni eignasölu og óreglulegum útgjöldum. Regluleg útgjöld eru talin verða 5½% hærri en fjárlög sögðu til um og tekjur 2% lægri. Á fjárlögum 2001 var gert ráð fyrir 20 ma.kr. afgangi að slepptri eignasölu og óreglulegum útgjöldum.


#### Yfirlit fjárlaga og fjárukalaga

% af VLF	Út-koma 2000	Fjár-lög 2001	Áætlun <sup>1</sup> 2001	Frum-varp 2002	Fjár-lög 2002
Tekjur	33,4	34,8	34,1	32,9	32,8
Reglulegar tekjur <sup>2</sup>	32,9	32,7	31,2	30,9	30,8
Gjöld	34,1	30,1	31,4	30,5	30,4
Regluleg útgjöld <sup>2</sup>	30,1	29,9	30,9	30,6	30,6
Afgangur	-0,6	4,7	2,7	2,4	2,4
Reglul. afgangur <sup>2</sup>	2,8	2,7	0,4	0,4	0,2


1. Fjárlög og fjárukalög. 2. Sleppt er eignasölu á tekjuhlið og á gjalda-hlið lífeyrisuppbót og skattaafskrift umfram það sem venjulegt telst.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 19. desember 2001.


# I Alþjóðleg efnahagsmál




Iðnaðarframleiðslan dróst saman um 0,4% í október. Samtals hefur iðnaðarframleiðslan dregist saman um 6,9%. Smásöluverðslun, sem jókst mikið í október, dróst saman um 3,7% í nóvember. Þetta er mesti samdráttur í einum mánuði frá því sambærileg gagnasöfnun hófst 1992. Eftir endurmat á landsframleiðslu á 3. ársfj. er talið að hún hafi dregist saman um 1,1% í stað 0,4%. Atvinnuleysi jókst úr 5,4% í 5,7% í nóvember. Samdráttur atvinnu sl. tvo mánuði var hinn mesti í 20 ár. Neysluverðsvisitalan var óbreytt í nóvember. Yfir 12 mánuði mældist verðbólgan 1,9%.




Atvinnuleysi á evrusvæðinu jókst um 0,1% í október, í 8,4%. Áður hafði það verið óbreytt í 5 mánuði. Iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu dróst saman um 1,4% í október og var 2,7% minni en fyrir ári. Verðbólga á evrusvæðinu minnkaði í 2,1% í nóvember. Kjarnaverðbólga minnkaði einnig í 2,2%.




Landsframleiðslan dróst saman um 4,8% á ársvarða á öðrum ársfj. og 2,2% á þeim þriðja. Neysluverð lækkaði um 0,2% í október og verðhjöðnun mældist 0,8%. Iðnaðarframleiðslan minnkaði lítillega í október og hefur dregist saman um tæp 5% á 12 mánuðum. Atvinnuleysi jókst í 5,4% í október.




Undirliggjandi verðbólga minnkaði í nóvember í 1,8% og í heild minnkaði verðbólgan í 0,9%. Framleiðsluverð lækkaði í mánuðinum og er nú 1% lægra en fyrir ári, sem er mesta lækkun í 43 ár. Húsnæðisverð hefur hins vegar hækkað um rúm 11% á einu ári. Iðnaðarframleiðslan dróst saman um 1,1% í október og 4,1% á 12 mánuðum. Þetta er mesti samdráttur í áratug. Landsframleiðslan jókst um ½% á 3. ársfjórðungi.




Vöxtur peningamagns á evrusvæðinu hefur aukist undanfarna mánuði. Þrjú mánaða meðaltalið, sem ECB miðar formlega við, jókst úr 6,2% í september í 6,8% í október. ECB telur vöxtinn skýrast af aukinni eftirspurn eftir peningum í kjölfar atburðanna 11. september. Í Bandaríkjunum jókst vöxtur M3 yfir 12 mán. til nóvemberloka í 14%.




Tölf mánaða vöxtur útlána á evrusvæðinu til aðila innan svæðisins í október var 5,2%. Tölf mánaða vöxtur útlána í Bandaríkjunum til innlendra aðila annarra en fjármálastofnana nam 5,7% í nóvemberlok.




Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum hefur náð sér nokkuð á strik að undanfögnu og hefur Dow Jones vísitalan verið svipað og í byrjun september en Nasdaq- vísitalan svipuð og í byrjun ágúst.



Verð hlutabréfa á stærstu mörkuðum Evrópu hefur tekið svipuðum breytingum og Dow Jones, en á Norðurlöndum hafa hlutabréfa hækkað öllu meira í verði.




Bandaríski seðlabankinn lækkaði vexti um 0,25% 11. desember, en Seðlabanki Evrópu og Englandsbanki héldu vöxtum óbreyttum. Kanada-banki lækkaði vexti um ½% 27. nóvember. Bilið á milli skammtíma og langtíma vaxta hefur aukist mikið í Bandaríkjunum...




...enda hafa lantímavextir í Bandaríkjunum lækkað tiltölulega lítið. Langtímavextir á helstu gjaldmiðlasvæðum hafa að undanfögnu verið u.þ.b. ½% - 1% lægri en fyrir ári, en hafa þökast upp á ný sl. 4 vikur.


## II Ytri skilyrði þjóðarbúsins




Gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal styrktist í sl. viku, en Japanska jenið hefur veikt.



Aflabrógð á þessu ári stefna í að verða svipuð og í fyrra. Botnfiskafinn í heild verður líklega nokkuð minni en þorskaflinn því næst sá sami. Uppsjávarafli stefnir í að verða nokkru minni og munar þar mest um minni síldarafla. Útflutningur sjávarafurða fyrstu 10 mánuði árisins var 23% meiri í krónum en á sama tíma í fyrra. Á föstu gengi var verðmæti sjávarvöruútflutnings rúmlega 3% meira. Áætlað er að ársútflutningurinn verði um 122 ma.kr.




Verð flestra sjávarafurða í erlendri mynt hefur hækkað á undanförmum mánuðum. Meðalverð allra sjávarafurða hefur hækkað um rúmlega 9% sl. 12 mánuði. Verð mjöls og lýsis hefur hækkað um 48% og frýst síld um 53%. Verð botnfiskafurða hefur hækkað um 6% og saltfiskverð um 8%. Sjófrystar afurðir hafa hins vegar lækkað um tæp 5%. Álverð tók nokkurn kipp í nóvember, eftir stöðuga lækkun frá byrjun árs, en hækkunin hefur öll gengið til baka. Í desember var verðið 15% lægra en fyrir ári.




Heimsmarkaðsverð á bensíni heldur áfram að lækka og er nú 12-15% lægra en í nóvember. Fara verður aftur til fyrri hluta ársins 1999 til að finna jafnlágt verð, en verðið hefur lækkað um 40% sl. 12 mánuði. Hráolíuverð hefur hins vegar haldist nokkuð stöðugt undanfarnar vikur þótt markaðurinn sé viðkvæmur. Efasemdir eru um að OPEC ríkjum takist að draga úr olíuframleiðslu eins og að var stefnt.


### III Framleiðsla og velta




Hrávöruverð hefur farið lækkanndi frá miðju sl. ári og með vaxandi hraða. Meðalverðið jan.-okt. var 5% lægra en á sama tíma í fyrra. Verð grunnmálma hefur lækkað um tæplega 9% og landbúnaðarafurða um 8%.




Heildarvelta janúar-ágúst var 7,2% meiri að raungildi en fyrir ári. Er það meiri vöxtur en milli sömu tímabila árin 1999 og 2000. Þessi tiltölulega mikli vöxtur skýrist að verulegu leyti af aukinni veltu í útflutningsgreinum, sem skila fleiri krónum vegna gengislækkunar krónunnar. Einnig voru mikil umsvif í byggingariðnaði og jókst veltan um 13,4% að raungildi. Verslunargreinar einkennast hins vegar af stöðnun eða samdrætti.



Greiðslukortavelta jókst um 5,8% að raungildi milli jan.-okt. 2001/2000. Milli sömu tímabila 2000/1999 var vöxturinn 8,6%. Hjöðnunin er greinilegri sé horft til mánaðarlegra talna. Tólf mánaða vöxtur á föstu verði minnkaði úr 11,4% í okt. 2000 í 2,9% sl. október.




Bilainnflutningur og nýskráningar bifreiða verða ekki nema rúmur helmingur þess sem var á seinasta ári eða rétt um 9,000 bílar. Er þetta svipaður fjöldi og var nýskráður á fyrrihluta 10. áratugarins. Greinilegt er af sölutölum sements að hægt hefur á í byggingarframkvæmdum og mannvirkjagerð að undanförmum. Sementsalan fyrstu 11 mánuði ársins er þó um 8% meiri en á sama tíma í fyrra en lengst af ári hefur ársaukningin verið mun meiri. Mánaðarsala síðustu 3 mánuði var minni en í fyrra.




Níu mánaðauppgjör sýna mun betri afkomu en vænst hafði verið. Hagnaður fyrir afskriftir (HAF) hefur aukist, en rekstrarniðurstaðan (hagn. eftir skatta=HES) er enn í járnum. Hún er þó ekki neikvæð eins og kom fram í 3 og 6 mánaða uppgjörum fyrir á árinu. Milli ára jókst velta skráðra fyrirtækja um rúmlega fimmting og að raungildi um 15%. Fjármagnsliðir eru enn mjög neikvæðir, enda hélt gengi krónunnar áfram að falla á 3. ársfjórðungi. Veltufé frá rekstri er svipað hlutfall af veltu og í fyrra.


## IV Utanríkisviðskipti




Á fyrstu tíu mánuðum ársins var 3 ma.kr. halli á vöruviðskiptum við útlönd, án viðskipta með skip og flugvélar. Á sama tíma í fyrra var hallinn 21,8 ma.kr., eða 26 ma.kr. á gengi þessa árs. Á sama tíma lækkaði gengi krónunnar um 16½%.




Í upphafi ársins var samningsverð um 9% undir kostnaðaráætlunum. Þegar leið á árið hækkaði hlutfall samningsverðs og áætlaðs kostnaðar, en hækkunin hefur að nokkru gengið til baka. Óvegið meðalsamningsverð tíu síðustu samninga í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins hefur að undanfögnu verið nálægt kostnaðaráætlunum.



Í október voru fluttar út vörur fyrir 20½ ma.kr. sem er 17,8% meira á föstu gengi en í október í fyrra. Fluttar voru inn vörur fyrir 18 ma.kr. sem er 16% minna en í október í fyrra á föstu gengi.




Árstíðaleiðrétur innflutningur án skipa og flugvéla hefur dregist mikið saman frá því í október 2000, þegar hann náði hámarki, en jókst þó örlítið undanfarna 2 mánuði.




Fyrstu tíu mánuði ársins var almennur útflutningur 3% meiri en árið áður og verð hækkaði um 22%, sem að mestu má rekja til 20% hækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris frá sama tíma í fyrra. Útflutningur iðnaðarvöru jókst um 10% að magni en útflutningur sjávarafurða var nánast óbreyttur. Innflutningur dróst saman um tæp 6%, þar af almennur innflutningur um 8% og innflutningur neysluföru um 15%.

## V Opinber fjármál




Gjöld voru tæpir 4 ma.kr. umfram tekjur til nóvemberloka. Afgangur í desember jafnar varla hallann á árinu, en markmið fjárlaga var 12 ma.kr. afgangur. Í nóvember var reitt af hendi 16 ma.kr. lán til Seðlabankans. Með því er hrein lánsfjárförf komin í 23 ma.kr. Þar sem 12 ma.kr. hafa að auki verið greiddir inn á lífeyrisskuldur, hefur hrein lánsfjármögnun numið 44 ma.kr., þ.a. 34 erlendis frá og 10 ma.kr. í formi ríkisvíxla. 7 ma.kr. útstreymi á spariskirteinum vegst upp af teknum ríkisbréfum.




Tekjur til nóvemberloka voru 6% hærrí en á sama tíma 2000, en gjöld 16% hærrí. Skatttekjur voru alls 6% hærrí en í fyrra, en svipaðar að raungildi. Útgjöld hafa hækkað um nálægt 8% umfram verðlag (neysluverð). Munar mest um 11% raunhækkun tilfærslna, vegna fæðingarorlofs, búvörugreiðslna, jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og lífeyrstrygginga. Tvö síðustu útgjaldatalefin ganga að hluta til baka á næsta ári.


## VI Vinnumarkaður og tekjur




Mynd 27 sýnir 12 mánaða raunbreytingar 4ra mánaða meðaltala skatttekna. Tekjuskattur einstaklinga og tryggingagjöld skila 10% meira að raunvirði fyrstu 11 mánuði þessa árs en á sama tíma í fyrra. Sama er að segja um eignarskatta og gætur þar hækkuð fasteignaverðs. Virðisaukaskattur hefur dregist saman um að raungildi 5% og skattar tengdir innflutningi og áfengissölu 12% raunlækkun. Heildarskatttekjur eru álíka að raungildi og fyrstu 11 mánuði 2000.




Atvinnuleysi í nóvember mældist 1,5% og jókst um 0,3% frá fyrri mánuði. Í nóvember 2000 var atvinnuleysi 1,1%. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi var 1,6% í nóvember, samanborið við 1,2% í nóvember í fyrra. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi hefur ekki verið hærra síðan í árslok 1999.




Launavísitala hækkaði um 0,3% í nóvember og 9,4% undanfarna 12 mánuði. Hækkun vísitölnunnar á milli mánaða má aðallega rekja til samninga smærri launþegahópa við ríki og sveitarfélög s.s. lögreglu-menn. Undanfarna 12 mánuði jókst kaupmáttur launa um 0,8%.



Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði um 11,3% frá 3. ársfj. 2000 til 3. ársfj. ársins 2001. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 7,2%. Launaskrið hefur aukist að undanfönu eða um 2,6% á 2. ársfj. 2001 og um 3,3% á 3. ársfj. frá sömu ársfj. í fyrra.




Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í nóvember fjölgaði starfandi mikið á sl. ári. Í nóvember sl. voru þeir 159.900, samanborið við 155.800 í nóvember í fyrra og 158.400 í apríl á þessu ári. Atvinnuþáttaka mældist 83,6% um miðjan nóvember samanborið við 83,2% í nóvember í fyrra og 83,7% í byrjun apríl á þessu ári. Samkvæmt könnuninni var 2,4% vinnuafslins án vinnu og í atvinnuleit. Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Þjóðhagsstofnunar í september vildu vinnuveitendur fækka starfsfólki um 0,3%. Svarendur gerðu ennfremur ráð fyrir að vinnuafsls- eftirspurn minnki um rúm 3% fram á mitt næsta ár.




Veitt voru 294 atvinnuleyfi í nóvember, samanborið við 452 í nóvember í fyrra. Meðalfjöldi veittra atvinnuleyfa undanfarna 3 mánuði er 421, sem er nokkur fækkun frá því fyrir ári (481). Fjöldi lausra starfa hjá vinnu- miðlunum í lok nóvember var 333, sem er mun minna en á sama tíma fyrir ári (537).


## VII Gengi og eignaverð




Rofað hefur til á hlutabréfamarkaði nýlega. Betri 9 mán. uppgjör en búist var við, væntingar um lækun vaxta og batnandi horfur eiga þátt í því. Veruleg umframeftirspurn hefur verið í hlutafjárútbodum að undanförmu. Velta hefur heldur aukist sl. vikur. Úrvalsvísitalan hefur sl. vikur verið tæplega 15% hærra en lægsta gildi hennar í lok ágúst, en rúmlega 12% lægri en fyrir 12 mánuðum.




Vísitala fasteignaverðs (bæði sér- og fjölbýli) á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 3,3% undanfarna 12 mánuði (m.v. nóvember), sem er svipuð hækking og undanfarna 3 mánuði. Vísitala fermtraverðs í fjölbýli, sem nær fram í nóvember, hækkaði um 0,5% milli mánaða og 4,2% undanfarna 12 mánuði.




Tölur um raunverð atvinnuhúsnæðis á 3ja ársfjórðungi staðfesta að hækkanahrina árána 1998-2000 er gengin yfir. Ekki eru hins vegar skýr teikn um það í gögnum að raunverð sé tekið að lækka. Hafa verður í huga að tiltölulega fáir kaupsamningar falla til í hverjum ársfjórðungi og eignarnar eru afar ósamleitar. Tölurnar sýna því illa minni breytingar.



Afgreiddar umsóknir hjá Íbúðalánasjóði vegna nýbygginga og endurbóta voru 328 í nóvember samanborið við 200 í nóvember í fyrra. Fjöldi afgreiddra lána til kaupa á notuðu húsnæði í nóvember voru 658 sem er ívið meira en í nóvember í fyrra. Upphæð afgreiddra húsbrefa hækkaði verulega undanfarna mánuði vegna aukinna viðskipta með húsnæði.




Leigukvóti í þorski er rúmlega 50% hærri en fyrir ári og hefur dregið úr hækkininni að undanförmu. Verð varanlegs kvóta hefur hækkað nokkuð sl. vikur. Biðlistar eftir kvóta hafa myndast að undanförmu. Eftirspurn er mikil eftir öllum tegundum.




Raungengi krónunnar miðað við verðlag á 3. ársfj. var 13,4% lægra en á sama tíma í fyrra og 11,9% lægra en að meðaltali undanfarin 10 ár, en 7,9% lægra sé miðað við laun.


## VIII Peningar, útlán og vextir




Gengi krónunnar styrktist um 4,7% vikuna 10. - 17. desember. Fyrstu 11 mánuði ársins var gengi krónunnar að meðaltali 16,8% lægra en á sama tíma í fyrra. Mánaðarlegt raungengi krónunnar miðað við verðlag var í nóvember 14,6% lægra en fyrir ári.




Síðastliðna 3 mánuði hefur dregið úr vexti útlána lánakerfisins. Vöxtur útlána og verðbréfaeignar lánakerfisins yfir 12 mánuði nam þá 18%, samanborið við 25½% vöxt í júnílok. Á 3. fjórðungi ársins dró úr útlána-vexti til bæði fyrirtækja og heimila, en þó sýnu meir til fyrirtækja. Vöxtur útlána til fyrirtækja varð mestur fyrir ári, þegar hann fór yfir 30%, en var í septemberlok kominn niður í 18%. Vöxtur útlána til heimila var hins vegar svipaður og í lok sl. árs eða 14%.




Breyting í % til október 2001	M3	Útlán	Útlán án uppfærslu
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt).....	1,2	1,6	0,8
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árstíðarleiddrétt).....	16,5	15,4	4,3
Yfir 12 mánuði.....	13,9	20,2	7,9




Breyting í % til október 2001	M3	Útlán
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt)	0,6	0,9
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árst.leiðr.)	8,9	8,2
Yfir 12 mánuði	5,4	11,2




Hinn 17. des. var raunávöxtun 15 ára spariskírteina 5,17% og hefur lækkað um rúmlega 0,2 prósentustig frá síðasta mánuði. Raunávöxtun húsbréfa er hins vegar nokkurn vegin óbreytt frá síðasta mánuði. Bréfin sem um ræðir eru RS15/1001/K og IBH22 1215.



Ávöxtun langtímaskuldabréfa ríkissjóðs hefur verið nokkuð stöðug undanfarið. Hinn 17. des. var ávöxtun tveggja ára bréfa 10% og ávöxtun fimm ára bréfa 9,4%. Langi endi ávöxtunarferilsins er því niðurhallandi um rúmlega ½ prósentustig. Langtímanafnvextir hafa lækkað um rúmlega ½ prósentustig frá því peningastefnunni var breytt 27. mars sl. Tveggja ára vextir eru nánast óbreyttir frá síðustu verðbólguþspá bankans en fimm ára vextir hafa hækkað um 0,1 prósentustig.




Verðbólguálag rúmlega tveggja ára verðtryggðra ríkisskuldabréfa var 17. des. 3,57%. Álagið hefur lækkað um 0,4 prósentustig frá því peningastefnunni var breytt 27. mars sl. og um 0,3 prósentustig frá því yfirlýsing aðila vinnumarkaðarins um frestun uppsagnar launasamninga á næsta ári varð opinber. Samsvarandi tölur fyrir fimm ára bréf eru -0,4 og -0,2 prósentustig.




Hinn 17. des. voru raunstýrivextir Seðlabankans, mældir með verðbólguálaginu, 6,3% og því tæplega 0,9 prósentustigum lægri en þegar ramma peningastefnunnar var breytt 27. mars sl. og 0,5 prósentustigum lægri en þegar síðasta verðbólguþspá var gerð 24. október sl. Skammtíma vaxtamunur gagnvart útlöndum var 7,0% 17. des. og hefur aukist um rúm 0,3 prósentustig frá 27. mars sl. en minnkað um 0,3 prósentustig frá 24. október sl.

## IX Verðlag



Vísitala neysluverðs í desember hækkaði um 0,5% frá fyrri mánuði. Verð á innfluttum vörum hækkaði um 0,9% (0,33% áhrif á vísitöluna), þar af hækkaði verð á bílum um 1,1% og verð á áfengi og tóbaki um 3%, en bensínverð lækkaði um 1,1%. Verð á mat og drykkjarvörum lækkaði um 0,44% (ollu -0,08% lækkun vísitölu en hefði valdið 0,16% lækkun án leiðréttingar). Undanfarna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 8,6%. Í október hafði samræmd vísitala neysluverðs fyrir Ísland hækkað um 8,6% undanfarna 12 mánuði.



Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks höfðu í desemberbyrjun hækkað um 10% á 12 mánuðum. Húsnæðisliður vísitölnnar hækkaði á sama tíma um 5,7%, innlendar vörur án búvöru og grænmetis um 11,5%, og þjónusta á almennum markaði um 9,3%.

# Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

## *Mynd 1. Bandaríkin*

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 2. Evrusvæðið*

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 3. Japan*

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 4. Bretland*

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 5. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis*

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

## *Mynd 6. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis.*

Heimildir: Thomson Financial, EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira. Tölur um evrusvæðið hefjast í september 1998.

## *Mynd 7. Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum*

Heimild: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. föstudags. Sýndar eru Nasdaq Composite vísitalan, Dow Jones Industrial Average (einnig sýnd í mynd 8) og Wilshire 5000 vísitalan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

## *Mynd 8. Erlendar hlutabréfavísitölur*

Heimild: Thomson Financial, EcoWin. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. mánudags. Hlutabréfavísitölur á evrusvæðinu (EMU Stoxx 50), í Bretlandi (FTSE100), Japan (Nikkei 225) og Bandaríkjunum (Dow-Jones Industrial). Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1997.

## *Mynd 9. Mismunur langtíma- og skammtíma vaxta*

Heimild: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. föstudags. Mismunur á vöxtum 10 ára ríkisskuldabréfa og skammtíma vöxtum, í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Skammtíma vextir í Bretlandi og Þýskalandi eru 3 mánaða millibankavextir en í Japan og Bandaríkjunum 3 mánaða ríkisvixlavextir.

## *Mynd 10. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa*

Heimildir: Thomson Financial. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. föstudags. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa eru þeir sömu og notaðir eru í myndinni á undan.

## *Mynd 11. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1998.

## *Mynd 12. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða*

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

## *Mynd 13. Verð á sjávarafurðum og áli*

Heimild: Þjóðhagsstofnun og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum kemur frá Þjóðhagsstofnun. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með útflutnings-vöruskiptavog. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðaleiðrétt.

*Mynd 14. Olíu- og bensínverð*

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mándarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu tveggja ársfjórðunga.

*Mynd 15. Hrávöruverð á heimsmarkaði*

Heimild: Thomson Financial/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálum og verðlag matvæla.

*Mynd 16. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum*

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Veltubreyting á milli ára sl. tvö ár. Sýndar eru tölur um heildarveltu og fimm undirliði. Tölur eru uppsafnaðar frá ársbyrjun og staðvirtar með vísitölu neysliverðs eða viðeigandi undirvísitölu hennar.

*Mynd 17. Greiðslukortavelta*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er samanlögð velta debetkorta og kreditkorta, innanlands og erlendis. Staðvirt er með vísitölu neysliverðs.

*Mynd 18. Sementssala og nýskráningar bifreiða*

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

*Mynd 19. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirliggjandi upplýsingar hverju sinni.

*Mynd 20. Hlutfall samningsverðs af kostnaðaráætlun í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins*

Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins. Sýnt er hreyfanlegt meðaltal (óvegið) tíu samninga.

*Mynd 21. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

*Mynd 22. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur*

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

*Mynd 23. Árstíðaleiðréttur vöruinnflutningur á föstu verði*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðaleiðrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að vege saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

*Mynd 24. Utanríkisviðskipti*

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Verð og magnþróun á innflutningi og útflutningi. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

*Mynd 25. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbörf ríkissjóð*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf er halli ríkissjóðs að viðbættum löngum og stuttum útlánnum umfram innheimtar afborganir og eignasölu. Jákvæð lánsfjárbörf merkir halla og neikvæð lánsfjárbörf merkir lánsfjárafgang.

*Mynd 26. Ríkistekjur og gjöld*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sýnd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

*Mynd 27. Þróun skatttekna*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

*Mynd 28. Atvinnuleysi*

Heimild: Vinnumálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðaleiðrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

*Mynd 29. Launavísitala og kaupmáttur*

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölunnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

*Mynd 30. Laun á almennum markaði, opinberum starfsmönnum og launaskrið*

Heimild: Hagstofa Íslands. Ársfjórðungslegar tölur, breyting frá sama ársfjórðungi árið áður. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölunnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Miðað er við útreikningstíma vísitölunnar.

*Mynd 31. Atvinnuleysi og fjöldi starfa*

Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun (ÞHS). Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiúrtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar). ÞHS athugar í janúar, apríl og september á hverju ári eftirspurnarlið vinnu-markaðarins. Gerð er athugun hjá atvinnurekendum um hvort þeir vilji bæta við sig starfsfólki og þá hversu mörgum.

*Mynd 32. Atvinnuleyfi og störf í boði*

Heimild: Vinnumálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefna atvinnuleyfa. Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

*Mynd 33. Velta og verðþróun á hlutabréfamarkaði*

Heimild: Verðbréfaþing Íslands. Sýnd er mánaðarleg velta á þingi og utan þings og dagleg gildi úrvals vísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta veltutalan er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 34. Fasteignaverð: íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæði*

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérþýli á höfuðborgarsvæðinu. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur.

*Mynd 35. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði*

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Vísitala fermetraverðs (1981:1=100), á verðlagi nýjasta tíma-bilsins, ársfjórðungstíðni. Sýnt er bæði einfalt meðaltal og vegið eftir stærð húsnæðis.

*Mynd 36. Afgreidd húsbref á nafnverði og fjöldi afgreiddra húsbrefa*

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbref á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirtar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbrefalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

*Mynd 37. Verð veiðiheimilda*

Heimild: LÍÚ og Kvótaþing. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

*Mynd 38. Ársfjórðungslegt raungengi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

*Mynd 39. Gengisþróun krónunnar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Vísitala innflutnings og útflutnings miðað við viðskiptavog (vöru og þjónustu). Mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisvísitalna er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 40. Útlánaaukning lánakerfisins*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs.

*Mynd 41. M3 og útlán innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA frá og með mars 1999.

*Mynd 42. Raungildi M3 og útlána innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðaleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA við útlánavísitöluna. Janúar 1998=100.

*Mynd 43. Ávöxtun langtímaskuldabréfa á VPÍ*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð viðskiptavaka í 10 ára og 15 ára spariskírteini og húsbréf í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. (Sýndir eru eftirfarandi flokkar: RS10 0115, RS15 1001 og IBH22 1215)

*Mynd 44. Ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð í ríkisbréf til u.p.b. 2 og 5 ára (RIKB 03 1010 og RIKB 07 0209).

*Mynd 45. Verðbólguálag*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar almennings eru skv. könnun sem PriceWaterHouseCoopers gerir fyrir Seðlabankann þrisvar sinnum á ári, þar sem spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa og spariskírteina svipaðrar tímalengdar. Annars vegar er reiknaður mismunur á bréfum til u.p.b. 2 ára (RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210) og hins vegar munur ríkisbréfa til um 5½ árs og spariskírteina til 3½ árs (RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið 1998-2000 en frá ársbyrjun 2001 eru sýndar daglegar tölur.

*Mynd 46. Skammtíma vextir og vaxtamunur við útlönd*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímaunvextir reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisskuldabréfa. Vikulegar tölur.

*Mynd 47. Neysluverð*

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvísitölu Hagstofunnar og samræmdrar neysluverðsvísitölu EES (Harmonised Index of Consumer Prices, HICP).

*Mynd 48. Neysluverðsvísitala eftir eðli og uppruna*

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirliða neysluverðsvísitölnnar: vísitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vöru án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.